

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 2009/92

frá 20. júlí 1992

um greiningaraðferðir bandalagsins á etanóli úr landbúnaði sem er notað við framleiðslu brenndra drykkja, kryddvína, drykkja sem er blandaðir með kryddvínunum og hanastéla sem eru blönduð með kryddvínunumFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 4. gr.,með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínunum, drykkjum blönduðum með kryddvínunum og hanastélum blönduðum með kryddvínunum ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Taka ætti upp greiningaraðferðir innan bandalagsins til þess að gera þar til bærur yfirvöldum kleift að viðhafa nauðsynlegt eftirlit með etanóli úr landbúnaði eins og það er skilgreint í h-lið 3. mgr. 1. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1576/89 og um getur í þriðja undirlið d-liðar 3. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1601/91.

Greint er frá eiginleikum etanóls úr landbúnaði í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1576/89 og í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1601/91. Þessir eiginleikar eru hinir sömu og eru í skilgreiningu á bragðlausu alkóhóli í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2046/89 frá 19. júní 1989 um almennar reglur varðandi eimingu víns og aukaafurða víngerðar ⁽³⁾. Greiningaraðferðir bandalagsins vegna bragðlauss alkóhóls sem notað er í vingeiranum samkvæmtreglugerð framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 1238/92 ⁽⁴⁾ teljast einnig vera greiningaraðferðir bandalagsins hvað varðar beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 og reglugerðar (EBE) nr. 1601/91.

Til þess að tryggja sambærileika niðurstaðna sem fást með þeirri greiningaraðferð sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti að skilgreina hvaða kröfur eru gerðar til að við endurtekningu fáiast sama niðurstaða í þeim.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínunum og hanastél blönduð með kryddvínunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Greiningaraðferðir bandalagsins á etanóli úr landbúnaði eins og það er skilgreint í h-lið 3. mgr. 1. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1576/89 og vísað er til í þriðja undirlið d-liðar 3. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1601/91 skulu vera í samræmi við þær aðferðir sem kveðið er á um í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1238/92.

Ákvæði 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1238/92 gilda um sambærileika á niðurstöðum greininganna.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 202, 14. 7. 1989, bls. 14.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 130, 15. 5. 1992, bls. 13.